

Skólaráðsfundur 4. Júní 2025

Mætt: Sigurbjörg, Snorri, Vigdís, Lárus, Sigurður og Ísak.

Síðasti skólaráðsfundur annarinnar. Lárus kosinn nýr fulltrúi starfsmanna.

1. Foreldrahandbók.

Búið er að gera foreldrahandbók sem mun fara á vefsíðu skólans.

Verið er að uppfæra umsóknareyðublað skólans þar sem foreldrar skrifa undir að hafa lesið foreldrahandbókina og skólareglurnar.

2. Drög að endurbættum skólareglum og ferlum/aðgerðaráætlunum.

Hafa verið unnin út frá því hvernig skólareglur eru uppsettar í norrænum Waldorfskólum og með verkferla Skóla- og frístundasviðs til hliðsjónar. Verður sett inn á heimasíðu skólans og kynnt í haust fyrir foreldrum og í bekkjum. Hver bekkur geri sinn bekkjarsáttmála með umsjónarkennara að hausti.

3. Samstarf milli Rudolf Steiner háskólans í Osló og Waldorfstofnanna.

Steiner háskólinn býður upp á grunnnámskeið og nám á meistarastigi, til eininga (einnig hægt að taka grunnnámskeiðið án eininga), vorið og haustið 2025, í alls átta daga.

Líklega mun þetta halda áfram á komandi árum.

4. Framtíðarsýn Waldorfskólans Sólstafa.

Hvernig sjáum við skólann í framtíðinni, sem lítinn skóla eða sem stóran skóla? Hvernig skóli viljum við vera, skóli í stofnanafarveg eða skóli í lífrænum farveg?

Hugmynd að setja saman stefnumótunarnefnd, hugsanlega í samstarfi með erlendum aðila/stjórnanda Waldorfstofnunar. Gott að skoða í kringum sig og sjá hvernig aðrir Waldorfskólar eru að takast á við breytta samtímaheimsmynd í sínum skólum.